

## Um Verksamninga

Verksamning ætti skilyrðislaust að gera þegar ferðaþjónustuaðili (verkkaupi) kaupir þjónustu sjálfstætt starfandi einstaklings (verktaka). Í verksamningum skulu koma fram helstu upplýsingar um framkvæmdina s.s. skilgreining á verki, samningstími, hvernig vinnutíma og greiðslum fyrir vinnuna er háttað, hvort gagnkvæmar skyldur séu til staðar, hver skuli útvega búnað og tæki til starfans, hvernig tryggingum skuli háttað o.fl. eftir atvikum hverju sinni.

Mikilvægt er að verkkaupi og verktaki geri með sér samkomulag um hver ber faglega ábyrgð á starfsháttum þeirra sem koma fram í nafni verkkaupans, þ.e.a.s. hvort það er verkkaupinn sem beri ábyrgðina eða hvort það er verktakinn sjálfur.

Neðangreint er dæmi um hvernig verksamningur vegna leiðsagnar getur litið út.

*Athygli er vakin á því að Vakinn tekur ekki ábyrgð á þeim samningum sem aðilar gera sín á milli.*

## Verksamningur

Skemmtiferðir kt.[**kennitala**],[**heimilisfang**], hér eftir nefndur verkkaupi og Jón Jónsson, kt. [**kennitala**], [**heimilisfang**], hér eftir nefndur verktaki, gera með sér eftirfarandi verksamning:

1. gr.

### Skilgreining verks

Verktaki tekur að sér leiðsögn í ferðum á vegum verkkaupa (**hérna þarf að koma fjöldi ferða og hvers konar ferðir. Þetta ákvæði má vera opið en þá er meiri hættu á að upp komi ágreiningur**). Verði um frekari ferðir að ræða skulu verkkaupi og verksali semja um þær sérstaklega.

2. gr.

### Samningstími

Verktaki tekur að sér verkið frá og með [**dagsetning**]. Samningurinn er til (tilgreina þarf gildistíma samnings).

3. gr.

### Vinnutími / ferðaáætlun

Verktaki vinnur í samræmi við ferðaáætlun og skipulag verkkaupa vegna þeirra ferða sem verktaki tekur að sér leiðsögn í. Verktaki skuldbindur sig til að mæta á skilgreindan upphafsstað hvernar ferðar ?? mínútum fyrir brottför.

4. gr.

### Greiðslur

Verktaki fær greitt [**lýsing á greiðslufyrirkomulagi**]. Verktaki skal skila inn reikningi að loknu verki / verkhluta og skal verkkaupi standa skil á greiðslu eigi síðar en **XX** vikum eftir að reikningur berst.

Verktaki skilar sjálfur gjöldum í lífeyrissjóð, orlof er innifalið í greiðslum og hann skilar sjálfur sköttum og öðrum gjöldum af greiðslum sínum.

5. gr.

### Fagleg ábyrgð

Verkkaupi ber faglega ábyrgð á starfsháttum verktaka, sem fram kemur í nafni verkkaupa.

6. gr.

### **Gagnkvæmar skuldbindingar aðila**

*(Athugið að þetta er aðeins dæmi um hvernig skuldbindingar gætu lítið út í samningi.)*

Verktaki skuldbindur sig til:

- Að kynna sér vandlega öryggisáætlanir verkkaupa vegna þeirra ferða sem um ræðir og starfa eftir þeim.
- Að viðhalda réttindum sínum og færni í samræmi við öryggisáætlanir verkkaupa
- Að kynna sér og starfa í samræmi við gæðahandbók verkkaupa (leiðsögumannshandbók), siðareglur Vakans og samkvæmt góðum siðum og venjum
- Að klæðast í samræmi við reglur verkkaupa og vera ávallt snyrtilegur og vel til fara
- Að bera merki með nafni sínu og auðkenni verkkaupa í ferðum á vegum verkkaupa
- Að hafa vinnustaðaskírteini ávallt meðferðis í ferðum á vegum verkkaupa
- Að fylgja reglum verkkaupa varðandi áfengis- og tóbaksnotkun
- Að í þeim tilfellum sem verktaki ekur með farþega í eigin bifreið sé hún ávallt hrein og snyrtileg og að nauðsynlegur búnaður í samræmi við öryggisáætlun verkkaupa sé til staðar

Verkkaupi skuldbindur sig til:

- Að láta verktaka í té nauðsynleg gögn og upplýsingar, til þess að hann geti skipulagt sig og undirbúið leiðsögn, þar með talið ferðaáætlun, öryggisáætlanir fyrirtækisins vegna viðkomandi ferða(r), handbók leiðsögumanna og annað það sem nauðsynlegt er til að verktaki geti sinnt vinnu sinni í samræmi við áætlanir og kröfur verktaka. Krefjist verkkaupi þess að verktaki beri merki/og eða vinnustaðaskírteini með auðkenni verkkaupa skuldbindur verkkaupi sig til að láta slík í té.
- Að láta verktaka í té viðeigandi einkennisfatnað, sé þess krafist að verktaki klæðist einkennisfatnaði í ferðum á vegum verkkaupa.

*Ath. Það sem verkkaupi lætur verktaka í té getur haft áhrif á starfssamband aðila samkvæmt skilgreiningu ríkisskattstjóra.*

7. gr.

### **Trúnaður**

Verktaki skal gæta þagnarskyldu um hvaðeina er hann verður áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi fyrirtækisins og viðskiptavni þess.

8. grein

### **Tryggingar**

Verkkaupi er með x tryggingar en verktaka ber að hafa x tryggingar

**[staður og dagsetning]**

---

[nafn verktaka]

---

f.h. [nafn fyrirtækis]

[nafn þess er undirritar]

*Rétt er að benda á að aðilar eiga ekki frjálst val um hvort greidd eru laun eða verktakagreiðslur fyrir unnin störf, staða aðila ræðst af eðli starfssambands, sjá nánar á heimasíðu Ríkisskattstjóra*

- <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefja-rekstur/stofna-rekstur/>
- [https://www.rsk.is/media/rsk10/rsk\\_1031.is.pdf](https://www.rsk.is/media/rsk10/rsk_1031.is.pdf)

*Séu aðilar í vafa um eðli starfssambands má leita aðstoðar Ríkisskattstjóra.*